

Við hjá Embætti landlæknis höfum nú í vetur verið að heimsækja landshluta og bjóða upp á vinnustofur um heilsuefandi samfélag. Föstudaginn 17. mars munum við bjóða upp á slíka vinnustofu á Höfuðborgarsvæðinu fyrir sveitarfélögin Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes. Við viljum því bjóða þínu sveitarfélagi að taka þátt. Þessi vinna er hugsuð sem stuðningur við sveitarfélög til að vinna markvisst heilsuefningarstarf í samfélaginu. Vinnustofan er bæði ætluð sveitarfélögum sem eru komin vel af stað í markvissu heilsuefningarstarfi sem og þeim sveitarfélögum sem eru að taka fyrstu skrefin. Vinnustofan verður haldin í Safnaðarheimilinu Borgum, Hábraut 1a, 200 Kópavogi.

Við óskum eftir liðsinni ykkar við að finna 1-2 fulltrúa úr öllum skólum sem eru í sveitarfélaginu (leik-, grunn- og framhaldsskólum) og mættu það gjarnan vera stjórnendur skólanna. Einnig óskum við eftir fulltrúum frá mismunandi sviðum sveitarfélagsins (mennta-, frístunda-, skipulags-, stjórnsýslu-, félagsmála- eða velferðarsviði o.s.frv.). Gott væri ef einhverjir af kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins myndu mæta og gott er að athuga hvort sveitarfélagið vilji hafa áhugasama fulltrúa frá íþróttafélögunum, eldri borgurum eða öðrum sem þið haldið að gætu skipt máli fyrir heilsuefningarstarf í samfélaginu. Embættið mun einnig leggja áherslu á þátttöku fulltrúa frá heilsugæslu í öllum sveitarfélögunum.

Dagskráin verður frá kl. 9 – 15 þar sem boðið verður upp á viðeigandi erindi í upphafi tengd Heilsuefandi samfélagi og síðan verða umræður í vinnustofu þar sem í fyrri hlutanum verður skipt upp í hópa eftir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og samfélagi og í aðra hópa ef áhugi er fyrir því. Í síðari hluta vinnustofunnar verður skipt upp eftir sveitarfélögum. Það efni sem kemur fram í seinni hluta vinnustofunnar verður eign sveitarfélagsins og grunnur til að vinna áfram með heilsuefningu í sveitarfélaginu.

Heilsuefandi samfélag – Vinnustofa fyrir Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes

Staðsetning: Safnaðarheimilið Borgir, Hábraut 1a, 200 Kópavogur

Tímasetning: 17. mars 2017 , kl. 9:00 – 16:00

Skráning: <http://www.landlaeknir.is/um-embattid/vidburdir/vidburdur/item31707/Heilsuefandi-samfelag—Vinnustofa-fyrir-sveitarfelog-a-hofudborgarsvaedinu-17--mars-2017>

Dagskrá - drög

9:00 Erindi

Ávarp

- Heilsuefandi samfélag, lýðheilsuvísar og lýðheilsumat
- Heilsa og líðan ungmenna
- Hlutverk heilsugæslu í Heilsuefandi samfélagi

Innleiðing Heilsueflandi samfélags, reynsla sveitarfélaga

Umræður

11:30 Hádegismatur

12:15 Vinnustofa I - Hvernig vinnum við að heilsueflingu á okkar vettvangi?

Fulltrúar vettvangs vinna með afmörkuð verkefni:

- 1) Leikskólar
- 2) Grunnskólar-frístund
- 3) Framhaldsskólar
- 4) Sveitarfélög (eldri borgarar, íþróttafélög o.fl.)
- 5) Heilsugæsla (með sveitarfélögum ef ekki sér hópur).

13:35 Vinnustofa II - Hvernig vinnum við saman að heilsueflingu í okkar sveitarfélagi?

Unnið með afmörkuð verkefni, skipt eftir sveitarfélögum.

14:45 Samantekt

Kynning á heilsueflandi.is (fyrir þá sem hafa áhuga)

Hafðu endilega samband ef það er eitthvað óljóst eða frekari spurningar.

Kveðja,

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Verkefnisstjóri Heilsueflandi grunnskóla/Project manager

Áhrifaþættir heilbrigðis/Health Determinants

Embætti landlæknis/Directorate of Health

Barónsstíg 47, 101 Reykjavík

Sími 510 1900/Tel.+354 510 1900. Bréfsími 510 1919/Fax +354 510 1919

www.landlaeknir.is